

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 239/2004 um meistaranám
í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

12. gr., um prófdómara, orðast svo:

Rannsóknánámsnefnd tilnefnir prófdómara sem prófar meistaranema og leggur mat á loka-
verkefni hans ásamt leiðbeinanda. Einn prófdómari er tilnefndur fyrir hverja meistarovörn í hjúkr-
unarfræðideild. Prófdómari skal ekki vera tengdur lokaverkefninu. Forseti heilbrigðisvísindasviðs
skipar prófdómara að fenginni tilnefningu deildar.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum stjórnar
heilbrigðisvísindasviðs og hjúkrunarfræðideildar, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr.
85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi.

Háskóla Íslands, 3. maí 2011.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.